

**50. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn að Austurvegi 56,
15. júlí 1997, kl. 10:30.**

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Þorvarður Hjaltason.

Dagskrá:

1. Tilnefning fulltrúa í sáttanefnd, sbr. samþykkt aðalfundar 23. maí sl.

Tilnefningu frestað til næsta fundar.

2. Bréf frá Línuhönnun, dags. 30. júní sl.

Í bréfinu er kynnt og boðin þjónusta Línuhönnunar varðandi sorphirðu og sorpmeðferð á svæði Sorpstöðvar Suðurlands.

Að svo stöddu telur stjórnin ekki ástæðu til að nýta þá þjónustu sem boðin er.

3. Stefna eigenda Auðsholts gegn Sorpstöð Suðurlands sem lögð var fram í Héraðsdómi Suðurlands 11. júní sl.

Málinu var frestað fram í september.

Samþykkt að senda öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum afrit af stefnunni.

4. Pappírs- og mjólkurfernusöfnun.

Framkvæmdastóri skýrði frá að margnota söfnunarílatum fyrir drykkjarfernur verði dreift í verslunum í þessari viku, auk þess sem söfnunin verður auglýst rækilega á næstu vikum.

5. Yfirlit um ráðgjafarstörf.

Guðmundur Tryggvi Ólafsson lagði fram yfirlit yfir unnin störf á vegum Sorpstöðvar Suðurlands á undanförunum mánuðum.

Fundi slitið kl. 12:15.

Karl Björnsson.
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.
Guðmundur Hermannsson.
Þorvarður Hjaltason.